

Deiliskipulag Malbikunarstöðvar Akureyrar Greinargerð og skilmálar

12.mars 2009

1. Almenn atriði

Á skipulagssvæðinu hefur verið rekin malbikunarstöð Akureyrarbæjar frá árinu 1965. Fyrirhugað er að endurnýja hluta tækjabúnaðar og því er nú lagt fram deiliskipulag af lóðinni en það hefur ekki verið til staðar fram að þessu. Deiliskipulagstillagan er ekki háð umhverfismati áætlana skv. lögum nr. 105/206, þar sem hún fellur ekki undir 1. eða 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Hér verður lýst staðháttum á skipulagssvæðinu, deiliskipulaginu og markmiðum með því, og loks helstu áhrifaþáttum þess.

2. Forsendur og markmið deiliskipulags

Frumkvæði að vinnslu deiliskipulagsins hafa skipulagsyfirvöld Akureyrarbæjar. Malbikunarstöð bæjarins hefur verið starfrækt frá árinu 1965 og hefur deiliskipulag fyrir lóð hennar ekki verið til staðar fram til þessa. Nú stendur stöðin frammi fyrir breytingum á tækjabúnaði og því er nú tækifæri til þess að skipuleggja svæðið til framtíðar. Í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 fellur lóð Malbikunarstöðvarinnar inn á náttúruverndarsvæði Glerárgils, því hefur Teiknistofa Arkitekta unnið breytingu á aðalskipulagi þar sem mörk náttúruverndarsvæðisins eru löguð að lóð Malbikunarstöðvarinnar og er sú breytingartillaga auglýst samhliða deiliskipulagstillögunni. Í breytingartillögu aðalskipulags er náttúruverndarsvæði dregið utan um lóð Malbikunarstöðvarinnar og í deiliskipulagstillögunni er lóðin dregin 45m frá gilbrúninni sem gefur tækifæri til uppgræðslu þess svæðis, eins og lagt er til í nágildandi aðalskipulagi.



3. Staðhættir

Skipulagssvæðið sem er lóð Malbikunarstöðvarinnar er 25.620,3m² að stærð og er staðsett norðan Súluvegur, utarlega í Glerárdal, vestan og ofan bæjarins. Lóðin afmarkast af Súluvegi að sunnan og Glerárgili að norðan. Engin önnur starfsemi er í nánasta umhverfi ef frá er skilið hesthúsahverfi sem liggur 450m suð-austan lóðar, sorpurðun, 1km vestan og ofan lóðar og skrifstofur Vegagerðar Ríkisins, ásamt nokkrum geymsluskúrum 700m austan og neðan hennar. Skipulagssvæðið liggur innan skilgreinds náttúruverndarsvæðis Glerár, sbr. Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018, en breyting á því er auglýst samhliða deiliskipulagi þessu. Náttúruverndarsvæðið nær frá fjöru til fjalls og er hugsað sem framtíðar fólkvangur. Norðan ár er einnig nýlega samþykkt deiliskipulag skotæfinga- og bílaíþróttasvæðis. Lóðin er á malarkambi en gróður umhverfis lóðina er að mestu gras og móar. Um það bil 100m norðan lóðarmarka rennur Glerá til sjávar, í djúpu gili. Ríkjandi vindáttir eru norðan- og suð-vestanátt.



4. Áhrifasvæði og umhverfisþættir

Þar sem skipulagssvæðið liggur við verndarsvæði Glerár þarf að taka sérstakt tillit til umferðar almennings um svæðið. Enda segir í aðalskipulagi að skapa eigi fólki gott aðgengi að Glerárdal og Súlum, þannig að það verði fyrir sem minnstu áreit á ferðum sínum. Því þarf að gæta þess að frágangur á jöðrum skipulagssvæðisins miði að því að draga sem mest úr hættu á hljóð-, sjón-, loft og vatnsmengun. Verður farið yfir helstu áhættuþætti hér að neðan. Stöðin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar og sjá má nánar um kröfur starfsleyfis í fylgigögnum greinargerðar þessarar. (Starfsleyfi fyrir Malbikunarstöð Akureyrar, við Súluveg)

Hljóðmengun

Vélar malbikunarstöðvarinnar eru keyrðar u.þ.b. fjóra mánuði á ári og er hávaði frá henni afar takmarkaður. Þó er tækjahvinnur samfelldur á starfstímanum en vegna staðsetningar gætir hans ekki í byggð. Hins vegar gætir Hljóð- og rykmengunar frá umferð stórra vinnuvéla og þungaflutningabifreiða að og frá svæðinu á starfstíma, en hún hefur þó lágmarksáhrif vegna fjarlægðar sinnar frá byggð.

Sjónmengun

Áður fyrr var kolmórauður útblástur frá stöðinni talsvert áberandi og kannski sá umhverfisþáttur sem bæjarbúar urðu mest varir við. Eftir að nýr síubúnaður var settur í malbikunarstöðina árið 1998 er þessi þáttur mengunarinnar að mestu leyti fyrir bí. Eftir sem áður þarf að gera ráðstafanir til þess að draga úr sjónmengun frá mannvirkjum á svæðinu þar sem framhjá því munu í framtíðinni liggja fjölfarnar leiðir almennings að útivistar- og náttúruperlum Akureyrar. Í því skyni er kvöð um trjábelti að vegi að austan og til norðurs.

Loftmengun

Eins og rætt er hér að ofan er töluverður útblástur frá stöðinni þegar hún er við vinnslu, en með tilkomu nýs síubúnaðar árið 1998 er mestur hluti útblásturs í formi vatnsgufu. Þó eru einnig um rykmengun að ræða en magn ryks er þó innan eðlilegra marka og berst ekki til byggðar, enda uppfylli stöðin öll skilyrði Umhverfisstofnunar fyrir starfsemi sem þessa.

Vatnsmengun, (sigvatn, hreinsivirki).

Lækurinn Kelda rennur inn að sunnan og norður eftir skipulagssvæðinu. Kelda dregur með sér lífræna mengun og lykt frá sorpurðunarsvæði bæjarins, og rennur í Glerá í gegnum skipulagssvæðið. Gæta þarf því vel að frágangi á tönkum og leiðslum á svæðinu svo ekki verði mengun á sigvatni á svæðinu. Í því sambandi skal fara eftir ítrustu kröfum um mengunarvarnir hvað varðar mengun í jarðvegi af völdum olíu og öðrum eldfimum vöknum. Þá skal fara með losun, geymslu og förgun spilliefna samkvæmt starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

5. Skipulagsákvæði

Í norðurhorni lóðar á svæði sem skilgreint sem “athafnasvæði” og eru þar þrjú byggingarreitir. Stærstur er byggingarreitur vinnslusvæðis, 2208.6m² og er hámarks hæð mannvirkja á reitnum 5m. Þá er reitur fyrir skrifstofu og spennistöð, 263.0m² og loks reitur austan bílastæða fyrir losunarþró götusópsbíla sem er 103.5m².

Á athafnasvæði eru nú nokkrir skúrar sem þjóna ýmist sem skrifstofur, verkstæði, verkfærageymslur eða geymslur af öðru tagi. Á athafnasvæðinu við skrifstofuhús eru 6 bílastæði fyrir starfsmenn og viðskiptavinum.

Innkeyrslu inn á svæðið skal vera hægt að loka fyrir almennri bílaumferð. Heimilt er að reisa 2m háa mannhelda girðingu á lóðarmörkum. Gróðursetja skal trjábelti meðfram henni eins og sýnt er á deiliskipulagsupprætti.

6. Skipulagssvæði á lóð

Lóðinni er skipt í 4 mismunandi svæði m.t.t. notkunar.

1. Athafnasvæði

- Á þessu svæði fer fram öll almenn starfsemi Malbikunarstöðvarinnar, þ.m.t. skrifstofustarfsemi, starfsmannaaðstaða, malbiksframleiðsla, viðhald, verkfærageymsla og annað sem snýr að daglegum rekstri.

2. Geymslusvæði

- Á þessu svæði eru geymd tæki og tól sem nýtast tímabundið, til sérstakra nota eða sem varahlutir.

3. Efnisgeymslusvæði

- Á þessu svæði eru efnishaugar til malbikunarframleiðslunnar.

4. Framtíðarsvæði

- Þetta svæði er ónotað en kemur til nýtingar síðar er þurfa þykir. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða til geymslu tækja, efnis, eða fyrir almenna starfsemi stöðvarinnar.

Stærðir:

Heildarstærð lóðar:	25.620,3m ²
Brúttógrunnflötur núverandi bygginga á lóð:	73.3m ²
Nýtingarhlutfall núverandi bygginga á lóð:	0.0029
Heildarstærð byggingarreita:	2575.1m ²
Hámarks nýtingarhlutfall:	0.0060

7. Heimildir og fylgigögn

- Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018
- Deiliskipulagsuppráttur, stærð A1. Unnin af Kollgátu ehf.
- Starfsleyfi fyrir Malbikunarstöð Akureyrar, við Súluveg

Deiliskipulag þetta sem hlotið hefur málsmeðferð í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var auglýst frá _____ til _____ 2009.
og var samþykkt af Bæjarstjórn Akureyrar þann _____ 2009.

Bæjarstjóri Akureyrar

Deiliskipulag þetta var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2009.

**Starfsleyfi
fyrir
Malbikunarstöð Akureyrar,
við Súluveg**

Kt. 410169-6229

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Malbikunarstöð Akureyrar, við Súluveg, kt. 410169-6229. Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Malbikunarstöð Akureyrar er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt tiltækt á vinnustað og hjá umsjónaraðila sveitarfélagsins.

1.2. Lýsing á starfseminni

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 25.000 tonn af malbiki. Starfsleyfið tekur til framleiðslunnar og tengdrar þjónustu á vegum fyrirtækisins.

1.3. Umhverfi

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu.

1.4. Mengunarvarnir

Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

Rekstraraðili hefur frest til **31. okt. 2007** til þess að koma þessu í framkvæmd sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5. Tilkynning vegna mengunarslysa og bilana

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þar sem hættu er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða.

1.6. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal með góðum fyrirvara veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum.

1.7. Gangsetning/stöðvun rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu verksmiðju ef vinnsla hefur legið niðri í meira en mánuð af öðrum orsökum en tíðarfari. Verði rekstri hætt varanlega skal gera ráðstafanir til þess

að úrgangi eða afgangi efnavöru sé fargað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan þriggja mánaða um ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

1.8. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni skal Rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal Rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

1.9. Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald og er skiladagur **1. maí ár hvert**.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. Útblástursloft brennara

Brennaraloft skal hreinsa í sérstökum rykhreinsibúnaði. Útblástursloft má ekki innihalda meira af ryki en 100 mg/Nm^3 , m.v. 17% súrefnisinnihald í útblæstrinum og útstreymishraða 20 m/s ($\pm 10\%$) úr skorsteini.

2.2. Skorsteinn

Útblástursloft frá hreinsibúnaði skal leiða út í gegnum skorstein sem er a.m.k. 10 m á hæð, yfir gólfi. Skorsteinninn skal þannig útbúinn að auðvelt sé að mæla ryk í útblásturslofti.

2.3. Rekstur hreinsibúnaðar

Áætlun skal vera til sem tryggir eðlilegan rekstur og viðhald rykhreinsibúnaðar og skal hún vera aðgengileg eftirlitsaðila.

2.4. Rykmengun frá vinnslu steinmulnings

Komið skal í veg fyrir rykmengun vegna framleiðslu steinmulnings og flutnings og geymslu efnis eftir því sem kostur er. Færibönd sem flytja efni frá kaldmöturum skulu vera yfirbyggð. Fallhæð efnis við flutning í kaldmatara skal ekki vera meiri en 2 m. Viðbragðsáætlun, sem samþykkt er af eftirlitsaðila, skal vera tiltæk til að hefta rykmengun við óhagstæð veðurskilyrði.

2.5. Flutningur hráefna

Skúffulyfta sem tekur við steinefnum eftir þurrkun, svo og eftirfylgjandi sigti, vogir og blöndun með asfalti skal vera yfirbyggð.

2.6. Olíu-, asfalt-, og terpentínugeymar

Frágangur á tönkum og leiðslum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði gildandi reglugerðar um meðferð og geymslu á olíu í landi. Umhverfi birgðageyma fyrir asfalt skal mótað þannig að asfalt geti ekki runnið frá þeim. Daggeymar skulu staðsettir þannig að tryggt sé að asfalt mengi ekki neðri jarðlög, grunn- eða yfirborðsvatn.

2.7. Frárennsli

Allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju. Olíuskiljur skulu tæmdar eftir þörfum, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Olíusora skilað til móttökustöðvar fyrir slíkan úrgang.

2.8. Væting vörubílsþalla

Frágangur aðstöðu fyrir vætingu vörubílsþalla og átöppun límefnis skal vera þannig að ekki sé hætt á vatns- eða jarðvegsmengun vegna olíuefna. Jarðveg sem kann að mengast skal þegar í stað fjarlægja. Jarðveginn skal meðhöndla í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðferð á olíumengudum jarðvegi.

2.9. Úrgangur

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Á umbúðum spilliefna skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um eiginleika, samsetningu og magn úrgangsins auk merkinga í samráði við spilliefnamóttökuna

2.10. Notkun hættuminni efna

Efni sem notuð eru þess eðlis að hættu er á að þau geti valdið mengun skulu vera prófuð með tilliti til eituráhrifa, niðurbrots og uppsöfnunar í náttúrunni. Leitast skal við að skipta út efnunum sem hafa skaðleg áhrif á menn eða umhverfi fyrir efni sem eru minna skaðleg.

2.11. Hávaði

Malbikunarstöð Akureyrar skal leitast við að draga úr hávaða frá verksmiðjunni og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 933/1999, um hávaða.

3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS

3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Það skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði.
- Tæmingu olíugildru ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

3.2. Eftirlitsmælingar

Fylgst skal með magni ryks í útblásturslofti með mælingu í skorsteini a.m.k. einu sinni á ári. Mælingin skal gerð við venjulegar aðstæður að sumarlagi. Niðurstöður mælinganna skulu sendar til eftirlitsaðila

3.3. Viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðamengunar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

3.4. Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður mælinga, sbr. gr. 3.1, 3.2, og 3.3.

4. STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1. Starfshættir

Malbikunarstöð Akureyrar skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi fyrirtækisins veldur á umhverfið, þar með talið starfshættir, hráefnisnotkun, og meðferð afurða.

Stuðlað skal að góðri nýtingu hráefna og að því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er.

4.2. Markmið

Malbikunarstöð Akureyrar setji sér umhverfismarkmið og starfi samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, eða starfa samkvæmt eigin kerfi

4.3. Eftirlit

Umhverfisstofnun annast eftirlit með ákvæðum starfsleyfisins. Eftirlitið felur í sér reglubundnar skoðanir árlega þar sem einkum eru skoðuð þau atriði starfseminnar sem valdið geta mengun efna í vatn, loft eða jarðveg ásamt frágangi ytra umhverfis og meðferð úrgangs.

Viðbótareftirlit felst m.a. í:

- Skoðun vegna nýs búnaðar sem tekinn hefur verið í notkun eða vegna kvartana.
- Vegna sérstakra úttekta í samræmi við áætlun sem Rekstraraðili gerir um úrbætur.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar sem umhverfisráðherra setur. Gjald vegna viðbótareftirlits greiðist sérstakt skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi þegar útgáfa og gildistaka þess hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Starfsleyfið gildir til **1. júní 2015**. Starfsleyfi fyrirtækisins frá 11. febrúar 2000 fellur úr gildi við gildistöku starfsleyfis þessa.

Reykjavík 08. október 2004

Umhverfisstofnun